

3. gr.

Sjóðurinn er eign Framfarafjelags Grýtubakkahrepps og stendur undir stjórn þess. Hún annast um að fá konunglega staðfestingu á skipulagsskrá þessari. Reikning sjóðsins skal auglýsa árlega í Stjórnartíðindunum.

111
12. nóv.

4. gr.

Fje því, sem tekið er af vöxtunum samkvæmt 2. gr. hjer að framan, skal Framfarafjelagið á hverjum tíma verja til einhvers þess, sem líklegt er til þess að efla tilgang fjelagsins samkvæmt nógildandi lögum þess. Skal Framfarafjelagið á 50. hverju afmæli þess setja reglugjörð, er ákveði hvernig útgreiddum vöxtum skuli verja næstu 50 ár.

5. gr.

Leggist Framfarafjelagið niður, fer um sjóð þenna eins og um aðrar eignir þess samkv. 13. gr. nógildandi fjelagslaga, að því undanteknu, að á meðan slíkt Framfarafjelag eigi starfar í Grýtubakkahreppi, leggist allir vextirnir óskertir við stofnfjeð.

Grenivík, 31. janúar 1917.

Í stjórn Framfarasjóðs Grýtubakkahrepps.

Arni Jóhannesson. Jóhannes Sigurðsson. Björn Arnason.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir spítalásjóðinn »Ástriðarminning«, 112
útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 12. nóv.
12. nóvember 1917.

Skipulagsskrá

fyrir spítalásjóðinn „Ástriðarminning“.

1. gr.

Sjóðurinn, sem á að vera til styrktar og eflingar sjúkrahúsi á Eyrarbakka, er stofnaður með 50 krónum, sem kvenfjelagið á Eyrarbakka gaf 1. nóvember 1904 í minningu um húsfú Ástriði Guðmundsdóttur, sem þá var fyrir skömmu látin, en sem verið hafði meðlimur kvenfjelagsins frá byrjun þess og til dauðadags, eða um 16 ár.

112

12. nóv.

2. gr.

Sjóður þessi og fje það er honum kann að bætast — þar á meðal 10% af skuldlausri eign kvenfjelagsins við hver áramót, sem það hefir heitið sjóði þessum til eflingar — ávaxtist þar til hann hefir náð 2500 krónum. Úr því má verja vöxtum af honum til styrktar sjúkrahúsi á Eyrarbakka, svo sem til að launa hjúkrunarkonu, eða kaupa nauðsynleg húsgögn eða áhöld í hans þarfir. En verði sjúkrahús þá eigi reist, skal verja öllum árstekjum sjóðsins, sem og vöxtum, honum til aukningar, uns hann er orðinn 5000 krónur. Úr því má verja bæði vöxtum og öðrum tekjum sjóðsins, e. höfuðstólinn — 5000 kr. — fimm þúsund krónur — má aldrei skerða.

3. gr.

Skyldi sjúkrahúsbygging á Eyrarbakka dragast svo lengi að sjóður þessi nái því, að verða 10,000 krónur, áður en spítali er reistur, er heimilt að verja 5000 kr. til sjúkrahúsbyggingar, og vöxtum af hinum öðrum 5000 kr. sem og árlegu tekjunum til hjúkrunarstarfa eða áhaldakaupa; svo sem áður er tekið fram.

4. gr.

Kvenfjlagið á Eyrarbakka hefir á hendi fjárhald sjóðsins á meðan það er til. Það ræður einnig, hvernig því er varið sem útbytt kann að verða, en hefir þó í ráðum með sjer lækni sýslumann og prest, er hjer starfa sem embættismenn. Eða ef þessi embætti verða lögð niður, þá menn þá er koma í þeirra stað. Svo skal og þeim mönnum falin umsjón sjóðs þessa, ef kvenfjlagið hættir að vera til.

5. gr.

Ávalt skal kosta kapps um, að ávaxta sjóð þennan á vel tryggum stað, en þó jafnframt nota þá hæstu vexti sem bjóðast á hverjum tíma, t. d. keypt fyrir sjóð þennan bankavaxtabrjef, eða önnur brjef, sem vel eru trygg, en gefa þó af sjer góðan arð.

6. gr.

Reikning yfir eignir sjóðsins skal semja í janúarmánuði ár hvert, og að því búnu senda lækni og sýslumanni til endurskoðunar. Síðan sje hann lesinn upp á kvenfjelagsfundi.

7. gr.

Breytingar á reglum þessum getur kvenfjlagið gjört, en þó því aðeins að það sje með samþykki $\frac{4}{5}$ — fjöggra fimtu hluta — allra kvenfjelagskvenna. Þó er algjörlega undanskilin breyting á að færa niður upphæðirnar 2500 kr. og 5000 kr., sem nefndar eru í 2. gr.

Þannig upplesið og samþykkt á fundi kvenfjelagsins 2. dag janúarmánaðar 1905.

Eugenia Nielsen.

Kirstin Blöndal.